

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 27/2006

frá 10. mars 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 144/2005 frá 2. desember 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1048/2005 frá 13. júní 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2032/2003 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 12s (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2032/2003) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32005 R 1048**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1048/2005 frá 13. júní 2005 (Stjtið. ESB L 178, 9.7.2005, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1048/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. mars 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 53, 23.2.2006, bls. 40, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 10, 23.2.2006, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 178, 9.7.2005, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. mars 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.